

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

1. gr.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, áður Kammerhljómsveit Akureyrar, er stofnuð að frumkvæði Tónlistarfélags Akureyrar og Tónlistarskólans á Akureyri.

2. gr.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er sjálfseignarstofnun með heimili og varnarþing á Akureyri.

3. gr.

Meginmarkmið Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands er að stuðla að auknu tónlistarlífi og menningarstarfsemi á Norðurlandi með tónleikahaldi.

4. gr.

Stofnfé Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands er 500 þúsund krónur. Stofnfé má ekki skerða.

5. gr.

Tekjur Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands eru eftirfarandi:

- a) Framlag menntamálaráðuneytis og Akureyrarbæjar samkvæmt sérstökum samningi þessara aðila og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands,
- b) aðgöngumiðasala að tónleikum,
- c) gjafir og styrkir til Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands,
- d) sala auglýsinga og styrktarlína í efnisskrár,
- e) sala á upptökum af tónleikum og
- f) aðrar tekjur.

6. gr.

Hljómsveitarráð skal skipað 6 mönnum sem skipaðir eru til eins árs í senn:

- a) Stjórn Tónlistarfélags Akureyrar tilnefnir formann og tvo aðra fulltrúa og skulu þeir ekki gegna föstu starfi hjá hljómsveitinni.
- b) Fastir hljóðfæraleikarar hljómsveitarinnar, sbr. 4. mgr. 8. gr., tilnefna 2 fulltrúa.
- c) Bæjarstjórn Akureyrar tilnefnir 1 fulltrúa.

Hljómsveitarráð tekur allar meginákvæðanir er hljómsveitina varða svo sem um gerð fjárhagsáætlunar, ráðningu fastra starfsmanna svo og um samninga við tónlistarmenn. Hljómsveitarráð tekur einnig ákvæðanir um tónleikahald að fengnum tillögum verkefnavalsnefndar, sjá 8. gr.

Fastir starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands sitja fundi hljómsveitarráðs með málfrelsi og tillögurétt ásamt skólastjóra Tónlistarskólans á Akureyri.

7. gr.

Formaður boðar til funda í hljómsveitarráði. Honum er skylt að halda fund ef a.m.k.

tveir stjórnarmenn krefjast þess. Fundur er ályktunarfær ef formaður og tveir hljómsveitarráðsmenn eða varamenn sækja hann, hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Gerðir hljómsveitarráðs skulu bókfærðar.

8. gr.

Þriggja manna verkefnavalsnefnd skal starfa í nánú samráði við hljómsveitarráð. Í henni sitja:

- einn fulltrúi fastra hljómlistarmanna í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands
- einn fulltrúi hljómsveitarráðs og
- aðalhljómsveitarstjóri.

Fulltrúar í verkefnavalsnefnd eru tilnefndir til eins árs í senn.

Fastir hljómlistarmenn í hljómsveitinni teljast þeir sem starfa á Norðurlandi og hafa leikið með henni a.m.k. tvisvar á undangengnu starfsári.

Verkefnavalsnefnd á að gera tillögu að tónleikum og verkefnavali komandi starfsárs og leggja þær fyrir hljómsveitarráð til samþykktar eigi síðar en í lok maí.

9. gr.

Reikningsár Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands er frá 1. júlí ár hvert til 30. júní næsta ár og skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun reikninga fyrir lok septembermánaðar ár hvert. Endurskoðaðir reikningar skulu kynntir á aðalfundi Tónlistarfélags Akureyrar. Menntamálaráðuneytið og bæjarstjórn Akureyrar tilnefna hvor sinni endurskoðanda reikninga hljómsveitarinnar til tveggja ára í senn.

10. gr.

Hljómsveitarráð getur ákveðið að leggja hljómsveitina niður ef 5 hljómsveitarráðsmenn eru því samþykki. Leggist starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands niður skulu eignir hennar varðveittar á vegum Tónlistarskólans á Akureyri uns komið hefur verið á fót á nýju sambærilegri eða svipaðri starfsemi, en þá getur skólanefnd Tónlistarskólans ákveðið að ráðstafa eignunum til hennar.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta að tillögu hljómsveitarráðs með samþykki bæjarstjórnar Akureyrar og menntamálaráðuneytisins. Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðuneytis á þessari skipulagsskrá og hugsanlegum síðari breytingum.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.